

---

**FUNDARGERÐ**

**Fundur:** Raforkuhópur 2005-09  
**Fundartími:** Þriðjudagur 6. desember 2005 kl. 12:00  
**Fundarstaður:** Hótel Nordica  
**Fundarefni:** 1) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins og ný  
uppsetning á gögnunum.  
2) Vinnutilhögun hópsins, reynslan af starfi ársins og frekari  
áhrif skipulagsbreytinga.  
3) Undirbúningur verkefna ársins 2006  
4) Samningur um verkefni næsta árs.  
5) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:  
Raforkuhópurinn: Eymundur Sigurðsson  
Ívar Þorsteinsson  
Agnar Árnason  
Gunnar Aðalsteinsson  
Sigurður Ágústsson  
Pétur E. Þórðarson  
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson  
Ingvar Baldursson  
Fjarverandi:

- 1) JV sagðist hafa fengið gögn sem vantaði varðandi vinnslu fyrstu 9 mánaða ársins. Einnig hafa fengist raðir fyrir stöðvar á Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hafa fengist frekari gögn um ótryggða orku. Samkvæmt þessum tölum er aukning almennrar notkunar 3,5% á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- 2) JV lagði til að farið yrði yfir niðurstöður varðandi flutning um Landsnetið með starfsmönnum Landsnets eftir áramót þar sem hætt væri við að einhverjar raðir hafi misfarist eða verið flokkaðar vitlaust. Engar frekari tillögur komu um starfshættina.
- 3) Hópurinn stefnir að því að vinna úr gögnum ársins 2005 eins fljótt eftir áramót og mögulegt er.

- 4) JV sagði að Orkustofnun ætti eftir að samþykkja áætlun fyrir næsta ár. ES sagði að Landsent væri búið að samþykkja áætlunina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 13:30. Næsti fundur ákveðinn 7. febrúar 2006.

---

Jón Vilhjálmsson